

#### 4. mál 2018. Tillaga að starfsreglum um breyting á starfsreglum um þingsköp kirkjuþings nr. 949/2009, með síðari breytingum.

##### 1. gr.

Við 12. gr. starfsreglnanna bætast tvær nýjar málsgreinar á eftir 1. mgr. svohljóðandi, og breytist röð annarra málsgreina samkvæmt því:

Við kjör til kirkjuráðs samkvæmt 1. mgr. skal kosið sérstaklega um hvert sæti aðalmanns og varamanns í kirkjuráði. Skal kosningin vera skrifleg. Sá er réttkjörinn kirkjuráðsmaður sem hlýtur meiri hluta gildra atkvæða miðað við fullskipað kirkjuþing. Atkvæði skal meta ógilt ef kjörseðill er auður. Ef enginn fær meiri hluta gildra atkvæða, skal kosið að nýju um þá tvo sem fengu flest gild atkvæði. Ef fleiri en tveir fá jafnmörg atkvæði skal hlutkesti ráða um hverja tvo skuli kosið. Verði atkvæði þá jöfn skal hlutkesti ráða.

Verði guðfræðingur eða leikmaður kosinn í kirkjuráð, sem ekki á sæti á kirkjuþingi, skal hlutaðeigandi, til að hljóta kjör, vera kjörgengur til kirkjuþings samkvæmt gildandi starfsreglum um kjör til kirkjuþings hverju sinni.

##### 2. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 7. mgr. 21. gr., sbr. 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu.

Tillagan var dregin til baka.